

Söguleg verkföll í Bretlandi

Í byrjun nóvember síðastliðnum boðuðu Samtök breskra hjúkrunarfræðinga, Royal College of Nursing (RCN), verkfallsaðgerðir í fyrsta sinn í 106 ára sögu samtakanna. Verkföllin eru innan bresku heilbrigðisþjónustunnar NHS og samanstanda af verkföllum á einstaka svæðum eða starfstöðvum í takmarkaðan tíma.

Texti: Ari Brynjólfsson | Myndir: RCN/Duncan Soar.

Þegar þessi grein er skrifuð eru liðnir meira en 100 dagar frá því verkföll hjúkrunarfræðinga í Bretlandi voru boðuð og enginn endir virðist vera í sjónmáli. Kröfur hjúkrunarfræðinga snúa fyrst og fremst að bættum kjörum og að mönnun ógni ekki öryggi. Rúmlega 300 þúsund hjúkrunarfræðingar starfa í Bretlandi og í hverjum aðgerðum leggja þúsundir niður störf. Fleiri stéttir eru einnig í verkföllum í Bretlandi, þar á meðal sjúkraflutningamenn.

Bresk stjórnvöld hafa boðið 1.400 punda launahækkun á ári, eða tæpar 249 þúsund íslenskar krónur, deilt niður á tólf mánuði sem gera tæpar 21 þúsund krónur á mánuði. Þetta telja hjúkrunarfræðingar þar í landi alls ekki nóg og hafa vísað til verðbólgu sem mælist fimm prósentustigum hærri en launahækkunin ásamt því að álag fari sífellt vaxandi. Eru kröfur þeirra um fimm prósentu hækkun launa umfram verðbólgu sem mælist um tíu prósent.

Ekki sest að samningaborðinu

Fyrstu verkföllin hófust á 44 stöðum á Englandi, Norður-Írlandi og í Wales um miðjan desember, 55 stöðum í janúar og 73 stöðum í febrúar. Verkföllin eru ekki bundin öryggismönnun, líkt og þekkist á Íslandi, heldur voru einstaka deildir undanskyldar verkföllum, þar á meðal vökudeildir, himnuskiljun, krabbameinsdeildir og gjörgæsludeildir. RCN hefur aðeins átt í óformlegum viðræðum við stjórnvöld og hafa lýst þeim sem óviljugum til að setjast að samningaborðinu.

Til stendur að bæta í verkföllin í marsmánuði og er stefnt að því að enn fleiri staðir, allt að helmingur sjúkrahúsa NHS, verði óstarfhæfir í þrjá daga í einu. Þá verða gjörgæslu- og krabbameinsdeildir ekki lengur undanskyldar verkfallinu. Hjúkrunarfræðingar sem taka þátt í verkföllum hafa getað sótt um 50 pund fyrir hvern dag í verkfallssjóð RCN, verður sú tala hækkuð í 80 pund í mars auk 120 punda fyrir þá sem taka fjóra eða fleiri daga í röð í verkfalli.

Hækkun þýðir skert þjónusta

Ráðherrar bresku ríkisstjórnarinnar hafa sakað hjúkrunarfræðinga um að stefna lífum sjúklinga í hættu með aðgerðum sínum. Steve Barclay heilbrigðisráðherra hefur ítrekað sagt að ekki sé hægt að hækka laun hjúkrunarfræðinga meira. Ef launakostnaður hækkaði þýddi það að skera þyrfti niður í þjónustu við sjúklinga, þar að auki myndi það auka verðbólguna í landinu. Nadhim Zahawi, formaður Íhaldsflokksins, sem myndar ríkisstjórnina, gagnrýndi hjúkrunarfræðinga harðlega í byrjun desember og sagði að verkföll myndu einungis stuðla að sundrun Vesturlanda sem yrði vatn á myllu Vladímír Pútín Rússlandsforseta í stríðinu í Úkraínu.

Pat Cullen, framkvæmdastjóri RCN, hefur biðlað til stjórnvalda að semja og harmar að verkföllin þurfi að halda áfram. „Við erum einungis að þessu til að fá stjórnvöld til að bjarga heilbrigðisþjónustunni. Það þarf að viðurkenna að þúsundir stöðugilda eru ómannaðar sem bitnar á sjúklingum,“ sagði Cullen um miðjan febrúar. „Við höfum rétt stjórnvöldum sáttarhönd og boðist til að slaka á kröfum til að geta hafið formlegar viðræður, við erum enn opin fyrir því.“

Ánægð með stuðning frá Íslandi

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsti yfir stuðningi við aðgerðir RCN sama dag og þær voru tilkynntar, félagið skrifaði einnig undir sameiginlega stuðningsyfirlýsingu Samvinnu hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum (SSN). Cullen þakkaði fyrir stuðninginn í bréfi til Fíh, sagði hún ákvörðunina um verkföll ekki vera auðveldla en það sýni viljann til að laga mönnunarvandann, bæta nýliðun og auka öryggi. „Við erum stolt að standa saman með öðrum félögum og samtökum hjúkrunarfræðinga til að bæta starfsumhverfi, taka umræðuna um mönnunarvanda og tryggja leiðtogahlutverk hjúkrunarfræðinga um allan heim,“ segir í bréfi Cullen. „Við erum sterkari saman og erum staðráðin í að vinna saman að réttlæti fyrir fagið okkar og skjólstæðinga.“

Fíh mun áfram eiga í reglulegum samskiptum við fulltrúa RCN sem vita af stuðningnum á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum.



Frá verkfallsverði hjúkrunarfræðinga í desember. Pat Cullen, framkvæmdastjóri RCN, er fyrir miðju í drapplituðu kápunni.



„Tími til kominn að borga hjúkrunarfræðingum sanngjörn laun“ eru skilaboðin á skilti þessa hjúkrunarfræðings.

Tugir þúsunda sagt skilið við fagið

Í skýrslunni *Valuing Nursing in the UK* sem RCN gaf út í febrúar kemur fram að tugir þúsunda hjúkrunarfræðinga hafi sagt skilið við fagið og þúsundir til viðbótar séu að íhuga slíkt hið sama. Ástæðan fyrir þessum fordæmalaus flóttu úr faginu séu launakjörin, sem dugi ekki fyrir framfærslu, og álagsins sem valdi því að margir hjúkrunarfræðingar fari heim úr vinnu ósáttir við þjónustuna sem veitt var yfir daginn. Segir í skýrslunni að áhrifin gætu orðið skelfileg fyrir sjúklinga og bresku þjóðina í heild.

Samkvæmt könnun RCN frá árinu 2021 kemur í ljós að meira en helmingur hjúkrunarfræðinga sem tóku þátt í könnuninni eru að íhuga að hætta störfum eða eru þegar að undirbúa að hætta störfum. Þegar spurt var um ástæðurnar sögðu 70% að þeirra starf væri ekki metið sem skyldi, 61% sögðu álagið hreinlega of mikið, þar á eftir komu laun, skortur á stuðningi frá stjórnendum og starfsaðstæður.

Hægt er að gera úrbætur og er það meðal annars verkefni stjórnvalda. Í fyrsta lagi að bæta kjör hjúkrunarfræðinga sem í dag séu um 20% lakari en árið 2010 að raunvirði. Í öðru lagi að gera raunverulega áætlun um fjölgun hjúkrunarfræðinga og hvernig á að halda þeim í starfi. Í þriðja lagi að láta gera sjálfstætt mat á því hversu mörgum heilbrigðisstarfsmönnum þörf sé á og hvar þörfin sé mest. Í fjórða lagi að það sé á ábyrgð ráðherra að tryggja framboð hjúkrunarfræðinga.

Aðrar úrbætur snúa að einstaka stofnunum, það sé á þeirra ábyrgð að tryggja símenntun, betri starfsaðstæður og vinna að úrbótum til að halda hjúkrunarfræðingum í starfi.